

Íslenskur iðnaður

10. tölublað 16. árg.

Október 2010

Samtök iðnaðarins

SI



Matvæladagur verður haldinn miðvikudaginn 27. október kl. 12.00-17.30 á Hilton Reykjavík Nordica

Yfirskrift ráðstefnunnar er:

Eru upplýsingar um næringu og fæðubótarefni á villigötum?

Matvæladagur MNÍ hefur frá fyrstu tíð fengið góðar undirtektir frá aðilum sem starfa við manneldismál, kennslu- og fræðslumál, matvælaframleiðslu og matvælaeftirlit. Í ár verður höfðað til enn breiðari hóps vegna mikillar heilsuvakningar og áhuga almennings á ýmsum heilsuvörum og fæðubótarefnum.

Sjá nánari upplýsingar og dagskrá á www.si.is.



Beint frá býli - Félag heimavinnsluaðila hlaut viðurkenningu MNÍ 2009 fyrir áæði til að auka verðmæti afurða sinna. Ragnheiður Héðinsdóttir forstöðumaður matvælasviðs SI afhenti bikarinn

ÁR NÝSKÖPUNAR

FRUMKVÆÐI - FJÁRFESTING - FARSÆLD

Ár nýsköpunar – frumkvæði, fjárfesting, farsæld er átaksverkefni sem Samtök iðnaðarins hafa ákveðið að hrinda úr vör.

Við viljum virkja sem flesta til þátttöku og bjóðum til fundar þar sem verkefnið verður kynnt félagsmönnum, samstarfsaðilum, stjórnvöldum og fjölmiðlum.

Föstudaginn 29. október kl. 16.00

Verið velkomin til Marels að Austurhrauni 9 Garðabæ

Dagskrá:

- Formaður Samtaka iðnaðarins, Helgi Magnússon, setur fundinn
- Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, ávarpar gesti
- Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Orri Hauksson, kynnir Ár nýsköpunar
- Söngvarinn og lagasmiðurinn Ólöf Arnalds spilar fyrir gesti
- Léttar veitingar

Fundarstjóri er Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors

Hvetjum alla til að mæta og fagna upphafi Árs nýsköpunar

ÁR NÝSKÖPUNAR

SAMTÖK IÐNAÐARINS

bls. 2



Leysum sköpunarkraftinn úr læðingi

bls. 3



Samningur undirritaður

bls. 4 - 5



bls. 7



Ljósdióðulampar orkusparandi

bls. 8



Óvissa um fiskveiðistjórnun áfall

Leysum sköpunarkraftinn úr læðingi



Orri Hauksson
framkvæmdastjóri SI

Sérhvern dag í meira en tvö ár hafa neikvæðar fréttir glumið í eyrum okkar. Ekkert lát virðist á frásögnum af skuldum, skattahækkunum, gjaldþrotum, atvinnuleysi og nauðungarsölum. Sem betur fer er veruleikinn þó ekki svo einhliða. Þótt það fari ekki hátt er fjölmargt í íslensku atvinnulífi sem gefur tilefni til bjartsýni. Fyrirtæki víða um land og í fjölbreyttum greinum eru að laga sig að síbreytilegum og erfiðum aðstæðum, breyta ógnunum í tækifæri og stunda nýsköpun í stóru og smáu.

Össur, Actavis og Marel eru dæmi um stórfyrirtæki á íslenska vísu, sem öll eru á fleygiferð. Sum fyrirtæki í líftækni, umhverfistækni, upplýsingatækni og hönnun tölvuleikja búa við það velmegunarvandamál að ná vart að ráða til starfa fólkið sem það þarfnast. En nýsköpun á sér ekki bara stað í sprotafyrirtækjum, þótt þar sé hún augljóslega lífsspursmál. Nýsköpun er einnig samkeppnisvopn í ráðsettari greinum, s.s.

matvælaíðnaði, stóriðju, heilsurækt, húsgagnahönnun, hljóðverum, mannvirkjagreinum, plastiðnaði og þjónustu við orkuiðnað og sjávarútveg.

Nýsköpun er því ekki einhvers konar galdur sem eingöngu tölvufræðingar eða hátæknifyrirtæki stunda, heldur sífellt víðfangsefni, eins konar lífstíll fjölmargra fyrirtækja. Afraksturinn getur verið nýjar vörur, viðskiptaferli, framleiðsluaðferðir, gæðastjórnun, fjármögnun, umhverfis-

mál, starfsmannastjórnun eða öryggisatriði. Finna má urmul dæma úr íslensku atvinnulífi sem gefa góð fyrirheit um sköpun fleiri starfa og aukin varanleg verðmæti.

Samtök iðnaðarins ætla ásamt félagsmönnum sínum og fjölmörgum samstarfsaðilum að efna til átaks, sem heitir Ár nýsköpunar og mun það standa í heilt ár frá upphafi nóvember 2010. Markmið verkefnisins er að efla nýsköpun sem leið til endurreisnar í íslensku atvinnulífi, að kynna það sem vel er gert og hvetja sem flesta til dáða í verðmætasköpun. Þannig viljum við m.a. efla útflutning íslenskra fyrirtækja og festa í sessi samstarf um þróunarstarf á lykilsviðum. Þetta gerist m.a. í formi svokallaðra klasa og með þróun lausna fyrir opinbera innkaupaaðila. Þá viljum við auka framboð á fólki til nýsköpunarstarfa í fyrirtækjum til langs tíma, treysta mennta- og þekkingarstig í atvinnulífinu. Við viljum vinna með fjármálastofnunum í að leiðrétta ranga efnahagsreikninga í hagkerfinu og með Seðlabankanum, eins og okkur er fært, í afnámi gjaldeyrishafta. Við viljum aðstoða fyrirtæki í að finna tækifæri í hinu alþjóðlega viðskipta- og fjármögnunarmhverfi. Grundvallaratriði er ennfremur að innlent stoðkerfi atvinnulífisins, skattkerfið og umhverfi fjárfestinga sé aðgengilegt, skýrt og traustvekjandi.

Átakið Ár nýsköpunar mun eiga sér stað í formi opinna funda, með kynningu á félagsmönnum SI og þeim leiðum sem þeir hafa valið til að halda starfsemi sinni í framþróun. Það verða haldnar ráðstefnur og efnt til fjölmiðlaumfjöllunar. Unnið verður með hinu opinbera og að tillögu-gerð handan opinberrar umfjöllunar. Efnt verður til langtímaverkefna sem og aðgengileg markmið sett til skemmri tíma.

Nú er lag að auka skilning á því hvernig framfarir verða til og hvernig verðmæti eru sköpuð.

Það þarf að halda áfram og leysa miklu meiri kraft úr læðingi og þá þarf umhverfi atvinnurekstrar og nýsköpunar að vera hagfellt og fyrirsjáanlegt.





Samningurinn undirritaður 13. október

Fjárfestingar fyrir 86 milljarða – 1300 ársverk

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi hf., undirrituðu samning sem tengist áformum fyrirtækisins um stækkun og endurbyggingu álversins í Straumsvík.

Iðnaðarráðuneytið hefur tilkynnt að framleiðsluaukningin í Straumsvík og breytingar vegna nýrra afurða álversins sé stærsta einstaka fjárfestingin í at-

vinnuuppbyggingu frá falli fjármálakerfisins. Henni tengist líka stór fjárfesting Landsvirkjunar við Búðarhálsvirkjun.

60 milljarðar og 620 ársverk vegna framleiðsluaukningar í Straumsvík

Sú fjárfesting sem búið er að tilkynna um vegna framleiðsluaukningar álversins

í Straumsvík og nýrra og verðmætari afurða, með breytingum á framleiðslulínunni, nemur nærri 60 milljörðum króna og kallar á 620 ársverk á framkvæmdatímanum sem er þrjú ár. Áætla má að framleiðsla og útflutningur muni aukast um tæplega 40 þúsund tonn á ári auk þess sem afurðir álversins verða verðmætari.


26 milljarðar og 700 ársverk vegna Búðarhálsvirkjunar

Til að mæta orkuþörfinni fyrir þetta verkefni er Landsvirkjun að hefja framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun. Áætlanir gera ráð fyrir að heildarfjárfesting vegna Búðarhálsvirkjunar nemi um 26 milljörðum króna og að 600-700 ársverk skapist á byggingartíma. Samtals er því um 86 milljarða króna fjárfestingu og um 1300 ársverk á framkvæmdatímanum að ræða.

Nýr raforkusamningur sjálfstæður og aðalsamningi breytt

Með nýjum raforkusamningi, sem undirritaður var 15. júní milli Alcan og Landsvirkjunar, var annars vegar endursamið um verð á allri núverandi orkusölu til álversins og hins vegar samið um afhendingu á viðbótarorku (75 MW) vegna áætlaðrar framleiðsluaukningar álversins. Nýr raforkusamningur kemur alfarið í stað eldri raforkusamnings milli sömu aðila. Með þeim viðaukasamningi við aðalsamninginn sem undirritaður var eru gerðar nauðsynlegar breytingar á aðalsamningnum, þannig að unnt sé að líta á aðalsamninginn frá 1966 og hinn nýja raforkusamning sem tvo sjálfstæða og ótengda samninga. Í framhaldi af undirritun hins áttunda viðaukasamnings verður hann lagður fyrir Alþingi til að veita honum lagagildi, eins og gert var á sínum tíma við aðalsamninginn frá 1966 og þá sjö viðauka sem gerðir hafa verið við hann.

Verðbólga 2007-2010



Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólgan hjaðnar jafnt og þétt. Raunar er farin að mælast verðhjóðnun á ársgrundvelli ef horft er til síðustu þriggja mánaða. Skýringin er annars vegar sú að krónan hefur verið að styrkjast nokkuð og áhrif af gengisfallinu 2008 eru horfin. Hins vegar er minnkandi verðbólga tilkomin vegna þess mikla slaka sem er í hagkerfinu. Eftirspurn á fasteignamarkaði er með minnsta móti. Almenn er búist við að verðbólgan muni minnka enn frekar á næstunni sem aftur eykur líkur á áframhaldandi lækkun vaxta.

Hagtölur iðnaðarinnar 2010

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarinnar
10. tbl. 16. árg. Október 2010
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 22.10.2010
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.
Plastþökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarinnar, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson
Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlun er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



Sókn í byggingariðngreinar á hinum Norðurlöndum

Á fundi norrænna menntafrullrúa samtaka í byggingariðnaði, sem haldinn var nýlega í Gautaborg, var til umræðu nýliðun í byggingariðngreinum.

Byggingariðnaður dróst saman á öllum Norðurlöndum við efnahagslæggðina 2008 en er þó að ná sér á strik víða nema á Íslandi. Noregur, Svíþjóð og Finnland glíma ekki við sams konar nýliðunarvanda í byggingariðnaði og Ísland. Markvisst hefur verið unnið að því að lyfta þar iðn- og verknámi. Tekist hefur að ná til áhugasamra og góðra nemenda og kröfur í náminu hafa verið auknar. Norðmönnum tókst að snúa dæminu við á einum áratug. Þar er enginn nýliðunarvandi í byggingariðngreinum, að talist getur. Skólar neyðast til þess að beina ungu fólki annað, m.a. í almennt bóknað. Byggingariðnaðurinn fær því samkeppnisfært fólk.

Almennt virðist sveifla í nýliðun gjarnan vera samfasa sveiflu í efnahagslífinu. Þegar vel árar í atvinnugrein hefja margir nám í henni og þegar illa árar hefja fáir nám. Hér á landi eru t.d. fyrsta árs nemar í byggingariðngreinum aldrei færri en þetta haust.

Byggingariðnaður á Íslandi mun rétta úr kútnum og ná góðum styrk innan nokkurra ára. Þá er viðbúið að þeir fáu sem hefja nám um þessar mundir og brautskrást eftir 4-5 ár hafi meira en nóg að gera. Fyrirtækin mun þá hins vegar skorta iðnaðarmenn. Því er ástæða til að hvetja ungt fólk til að leiða hugann að námi í byggingariðngreinum, einmitt nú þegar hann hefur náð botni.

ÁR NÝSKÖPUNAR

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Meginviðfangsefni Árs nýsköpunar er að vinna á markvissan hátt að því að bæta starfsskilyrði og stuðningsumhverfi nýsköpunar í fyrirtækjum m.a. með aukinni kynningu og hvatningu á sem breiðustum grunni og í sem flestum atvinnugreinum.

Árangur sem verkefnið miðar að felst í að:

- kynna það sem vel er gert, efla ímynd atvinnugreina og hvetja sem flesta til dáða í verðmæta-sköpun á grunni hönnunar og nýsköpunar
- efla útflutning íslenskra fyrirtækja
- efla samstarf fyrirtækja um nýsköpun og útflutning á lykilsviðum, jafnt innan lands sem utan í formi „klasa“ og „samstarfsvettvanga“
- efla samstarf um þróun lausna fyrir opinbera innkaupaaðila á grunni PPP-aðferðafræði
- efla og straumlínulaga stöðkerfi nýsköpunar og bæta starfsskilyrði fyrirtækja
- auka framboð á fólki til nýsköpunarstarfa í fyrirtækjum og treysta mennta- og þekkingarstig í atvinnulífinu almennt
- auka almennan skilning á mikilvægi nýsköpunar í fyrirtækjum og á öllum stigum samfélagsins með aukin gæði og verðmætasköpun að leiðarljósi
- efla tölfræði og hagtölugerð í öllum atvinnugreinum til að bæta gæði í ákvarðanatöku og framkvæmd

Nýsköpun er í sinni einföldustu mynd að skapa nýjar lausnir sem og bæta það

sem þegar er til staðar. Á þetta jafnt við um nýja og endurbætta vöru, þjónustu, tækni, aðferðafræði, framleiðsluáferð, stjórnskipulag, verklag og leið til sölu- og markaðssetningar.

ÁR NÝSKÖPUNAR – frumkvæði – fjárfesting – farsæld er verkefni sem beinir kastljósinu að nýsköpun sem raunhæfustu leiðinni til aukinnar verðmæta-sköpunar og endurreisnar íslensks atvinnulífs. Lögð er áhersla á markvisst og samstillt átaksverkefni sem flestra sem tengjast sviðinu á grunni frumkvæðis, fjárfestingar og farsældar.

Frumkvæði er lykilorð sem á jafnt erindi við einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld og stofnanaumhverfi. Án frumkvæðis verður engin nýsköpun og endalaus bið eftir því að aðrir geri hlutina er ekki vænleg til árangurs. Núna þurfa allir að leggjast á árar til að auka verðmæta-sköpun og fjölga innihaldsríkum störfum.

Fjárfesting er lykilorð, þar sem fjármagn er hreyfið framkvæmda og umsvifa. Án fjárfestingar ríkir stöðnun og athafnaleysi. Fjárfesting er nauðsynleg á öllum sviðum jafnt í menntun, þekkingu, þróun, sem og mannvirkjagerð og nýjum atvinnutækifærum. Nýta þarf til hins ýtrasta tækifæri í fjárfestingum og innkaupum á vegum ríkis og sveitarfélaga, til að skapa nýjar og verðmætar lausnir sem gætu orðið grunnur að verðmætum lausnum á markaði og í útflutningi.

Farsæld og lífsgæði eru það sem land og þjóð sækist eftir til framtíðar. Farsæld í fjárfestingum er forsenda þess að

árangur náist, bæði fjárhagslegur og samfélagslegur. Við berum þá ábyrgð að gera okkar besta í ákvarðanatöku og byggja þær á réttum upplýsingum og langtímahugsun. Þess vegna þarf að eiga sér stað opin og fagleg umræða um Ísland framtíðar í stað afvegaleiðandi sérhagsmunumræðu sem oft endar úti í hafsauga.

Ísland þarf á öllum kröftum að halda til að skapa nýja framtíð á grunni nýsköpunar, verðmætasköpunar og aukins útflutnings þar sem frumkvæði, fjárfesting og farsæld þurfa að vera leiðarljósið.



Framkvæmd og áhersluverkefni

Markmið verkefnisins er að kynna og efla nýsköpun sem leið til endurreisnar í íslensku atvinnulífi og vinna að uppbyggingu þess á sem víðustum grunni þannig að breið samstaða náist um verkefnið.

Nokkuð hefur miðað í umbótum í nýsköpunarumhverfi fyrirtækja í kjölfar hrunsins sem kemur fyrirtækjum almennt til góða óháð starfssviði, umfangi og staðsetningu. Nefna má ný lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem samþykkt voru um síðustu áramót og aðkomu Atvinnuleysistryggingarsjóðs til að greiða fyrir fjölgun nýsköpunarstarfa í fyrirtækjum. Þá hefur gengi krónunnar gert útflutningsfyrirtæki samkeppnishæfari en áður þó að markaðskostnaður erlendis hafi aukist.

Hins vegar er fjölmargt sem þyngt hefur róður fyrirtækja í kjölfar hrunsins og nægir að nefna samdrátt á flestum mörkuðum, aukinn kostnað við aðföng, flutninga og markaðsstarf, auknar skattaálagur, gjaldeyrishöft og erfiða stöðu á fjármagnsmarkaði.

Því er það mikilvægara en nokkru sinni að herða róðurinn og nýta þau nýsköpunartækifæri sem bjóðast. Fylgja eftir umfangsmiklum verkefnum á borð við fjárfestingar í orku- og umhverfistengdum greinum, endurskipulagningu stuðnings- og fjármögnunarumhverfis fyrirtækja með nýsköpun, verðmætasköpun og auknum útflutningi. Þessi verkefni krefjast samstillts átaks ólíkra

aðila þar sem beita mætti „aðferðafræði klasa“ og „samstarfsvettvanga“ ólíkra aðila sem tengjast lykilsviðum. Með því yrði hægt að stíga mikilvægt skref til að straumlínulaga betur það umhverfi sem fyrirtækin starfa í, hraða uppbyggingu og arðsemi fjárfestinga í atvinnulífinu sem einu færur leiðina til að vinna okkur út úr kreppunni.

Samstarf hagsmunaaðila, stjórnvalda og annarra stuðningsaðila

Kröftugt nýsköpunar- og þróunarstarf er forsenda framfara í atvinnulífinu. Fyrirtæki þurfa að vera í frjóu samstarfi við innlenda og erlenda viðskiptavini og birgja í hvetjandi og jákvæðu starfsumhverfi sem þó veitir aðhald með skýrum reglum þar sem það á við. Reynslan hefur sýnt að mestur árangur næst í nýsköpunarstarfi þar sem tekist hefur gott samstarf milli þeirra sem endurspeglar þarfinnar á markaði og þeirra sem vinna að því að skapa nýjar og betri lausnir.

Viðfangsefni í starfs- og nýsköpunarumhverfi fyrirtækja eru þess eðlis að þau krefjast samstarfs hagsmunasamtaka þeirra, stjórnvalda og annarra stuðningsaðila. Slíkt samstarf hefur verið með ýmsum hætti hér á landi á undanföllum árum.

Hugmyndir að verkefnum og atburðum innan ramma verkefnisins

Undanfarið hefur verið unnið að hugmyndaöflun um markmið og aðgerðir innan ramma verkefnisins. Fjölmargir hafa tekið þátt í þeirri vinnu og vonir standa til að fjölmargir eigi eftir að bætast í þann hóp með góðar hugmyndir. Því fleiri sem hafa frumkvæði að því að standa fyrir atburðum og verkefnum sem fallið gætu innan ramma verkefnisins því betra. Á vef SI er dagatal þar sem setja má inn atburði í tengslum við **ÁR NÝSKÖPUNAR**.

Félagsmenn SI og aðrir sem vilja tengjast verkefninu eru hvattir til að hafa samband við okkur og koma hugmyndum á framfæri.



Allir starfsmenn Loftorku með Vinnustaðaskírteini

Þann 15. ágúst tók gildi samkomulag ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Eftirlitsmenn stéttarfélaganna eru á ferðinni til að fylgja eftir innleiðingu skírteinanna og fóru meðal annars í Egilshöll þar sem starfsmenn Loftorku ehf. voru að störfum og voru þeir allir með vinnustaðaskírteini.

Loftorka ehf. hefur á undanföllum árum sýnt mikið frumkvæði og staðið frammarlega í öllum málum sem snúa að starfsmönnum þeirra.

Andrés Sigurðsson hjá Loftorku ehf. segir fyrirtækið leggja mikla áherslu á að tileinka sér flest sem snýr að bættu starfsumhverfi og starfsanda. „Við leggjum mikið upp úr réttum merkingum og vinnubrögðum og viljum að starfsmennirnir okkar sjáist vel, þegar þeir eru að störfum oft við erfiðar aðstæður úti í umferðinni.“

Vinnustaðaskírteinin eru gott innlegg, sem leiðir til bættra vinnubragða og aukinnar ábyrgðakenndar, jafnt meðal starfsmanna og fyrirtækis“ segir Andrés.

Vinnustaðaskírteinum er ætlað að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og undirboðum á vinnumarkaði en mikilvægt er að öll fyrirtæki sitji við sama borð og fylgi settum reglum. Fyrirtæki í byggingariðnaði, jarðvegsvinnu og veitinga- og gistihús eiga að útbúa vinnustaðaskírtilríki fyrir starfsmenn sína til að ganga með í veski og sýna þegar eftirlitsmenn mæta á vinnustaðinn.

Nánari upplýsingar um vinnustaðaskírteini er að finna á www.skirteini.is.



Fóðurverksmiðja Líflands tekur til starfa

Fóðurverksmiðja Líflands var formlega tekin í notkun 7. október. Hún markar tímamót varðandi gæði og öryggi fóðurs, sóttvarnir og rekjanleika afurða. Fjárfesting í verksmiðjunni nemur um 1,6 milljörðum króna. Framleiðslugeta hennar verður rúmlega 60 þúsund tonn á ári.

Mikill fjöldi gesta sótti opunarhátíðina, skoðaði verksmiðjuna og naut glæsilegra veitinga. Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra stýrði samkomunni en Jón Bjarnason núverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ávarpaði hana.

Með því að beita nýjustu tækni sem völ er á í verksmiðju Líflands, er nú kleift að framleiða á Íslandi kjarnfóður sem stenst alþjóðlegar gæðakröfur í alla staði, þ.á.m. strangar heilbrigðiskröfur ESB, og eflir þannig samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar. Viðamesta breyt-

ingin er fullkominn aðskilnaður á hráefnum og hitameðhöndluðu fóðri sem bætir sóttvarnir og tryggir fyrir sitt leyti gæði afurða.

Auk verksmiðjubýggingarinnar eru á athafnasvæði verksmiðjunnar birgðageymslur fyrir hráefni til fóðurgerðar og fullbúið fóður.

Nýja verksmiðjan bætir verulega við núverandi geymslurými fyrir óunnar kornvörur, sem eru meginhráefni í kjarnfóðri fyrir íslenskan landbúnað. Það er mikilvægt fyrir fæðuöryggi þjóðarinnar að nokkurra vikna birgðir séu á hverjum tíma í landinu af slíkum hráefnum ef upp koma áföll þar sem ferðir til landsins geta orðið stopular um tíma.

Fjárfesting Líflands í nýju verksmiðjunni speglar trú forvígismanna fyrirtækisins á bjarta framtíð íslensks landbúnaðar.

Taxti III kostnaðarlíkan

ÍÐNÚ gefur út TAXTA

Samtök iðnaðarins hafa gert samning við ÍÐNÚ bókaútgáfu um að annast framleiðslu og dreifingu á kostnaðarlíkaninu Taxta. Ýmis gögn hafa verið þróuð og notuð til að auðvelda fyrirtækjum að ná árangri. Meðal þess er kostnaðarlíkanið Taxti sem auðveldar fyrirtækjum að reikna útselda vinnu starfsmanna og tækja út frá eigin forsendum.

Taxti er margreynt forrit sem SI létu framleiða fyrir um áratug fyrir félagsmenn. Haldin hafa verið námskeið í notkun forritsins og stofnað til verkefna sem byggja á því. Nú gefst nendum í iðnmeistaránámi og viðskiptánámi tækifæri til þess að nota forritið enda hæfir það vel sem námsgagn í stjórnunar- og rekstrarnámi.

Samtök iðnaðarins hafa gefið út ritin **Hvar stöndum við? og Hvernig gera má betur!** sem auðvelda fyrirtækjum að meta eigin rekstur og temja sér vönduð og viðurkennd vinnubrögð við rekstur og stjórnun. Þessi rit hafa gefið góða raun við umbætur í fyrirtækjum og má ætla að þau reynist ágæt kennslugögn í skólum sem bjóða nám í rekstri og stjórnun. ÍÐNÚ tekur nú yfir útgáfu á þessum ritum og býður þau til kennslu í skólum.

Nýsköpun og gæði hjá norrænum bakarameisturum

Árlegur fundur bakarameistara var haldinn í Kaupmannahöfn í september. Þar voru rædd þau málefni sem efst eru á baugi í hverju landi fyrir sig. Málefni sem varða menntun bakara, gæðamál og hollustuhætti eru ofarlega á baugi í öllum löndunum og einnig verkefni sem miða að því að auka fagmennsku í rekstri fyrirtækjanna. Greinin þarf að þróast í takt við þarfir neytenda og áhersla er lögð á gæði, nýsköpun og nýjungar í vöruframbóði. Rætt var um að minnka sóun á matvælum. Of mikið verður afgangur af brauði sem ekki er auðvelt að losna við án þess að hafa af því kostnað.

Í Danmörku er tekist á um svokallaðan

fituskatt sem stjórnvöld hafa ákveðið að leggja á matvörur en ekki hefur náðst niðurstaða um hvernig eigi að dreifa honum. Framleiðendur telja vonlaust að leggja á fituskatt með sanngjörnum



hætti. Tilurð fituskattsins er sú að ríkisstjórnin ákvað að lækka tekjuskatt en þarf í staðinn að ná inn peningum með misviturlegum „heilsu“-sköttum. Í Svíþjóð var lagt fram frumvarp um sykurskatt en það var dregið til baka vegna erfiðleika við að leggja skattinn á.

Athygli vekur hve framleiðendur bæði í Danmörku og Svíþjóð virðast eiga gott samstarf við opinberar stofnanir bæði varðandi matvælaeftirlit, upplýsingagjöf til neytenda um aukefni (e-númer), kolvetni, trefjar og fleira, og um átaksverkefni til að bæta mataræði.

Fram kom að sænsk stjórnvöld hafa sett sér þá stefnu að efla matvælaíðnaðinn.

Verulegur orkusparnaður með ljósdíóðulömpum

Samstarfsverkefni Orkuseturs og Vistvænnar Orka ehf. um tilraunaræktun með ljósdíóðulömpum bendir til að spara megi um og yfir 50% í raforkunotkun til gróðurhúsálýsingar.

Garðyrkjubændur nota um 60 GWH á ári til gróðurhúsálýsingar í atvinnuskyni sem er svipuð notkun og 12 þúsund heimili nota árlega. Hækkun raforkuverðs vegur þungt í þessari atvinnugrein en til að bæta samkeppnisstöðu greinarinnar niðurgreiðir ríkið kostnað við raforkudreifingu. Árið 2008 greiddi ríkið niður raforkudreifingu til greinarinnar um 167 milljónir króna. Það ætti því að vera hagsmunamál ríkis og garðyrkjubænda að reyna með öllum hætti að lækka raforkukostnað.

Orkusetur iðnaðarráðuneytisins og Vistvæn Orka ehf. hafa verið í samstarfi um prófanir á ljósdíóðulömpum sem þróaðir eru á Íslandi. Fyrirtækið Vistvæn Orka ehf. hefur unnið að þróun á hagkvæmum gróðurhúsálömpum sem byggja á LED ljósdíóðutækni og ætlaðir eru fyrir garðyrkjubændur sem hafa matjurta- og blómarækt að atvinnu.

Fyrstu niðurstöður prófana liggja nú fyrir og gefa væntingar um að draga megi stórlega úr raforkunotkun og þar með rekstrarkostnaði garðyrkjubænda. Niðurstöður tilraunaræktunar á papriku og rósum undir LED raflýsingu í tilraunagróðurhúsi LBHÍ að Reykjum benda til þess að hægt sé að ná fram verulegum raforkusparnaði í blóma- og matjurta-rækt, án þess að það komi niður á gæðum eða uppskerumagni. Raforkusparnaður reynist vera um og yfir 50% í



fyrir og gefa væntingar um að draga megi stórlega úr raforkunotkun og þar með rekstrarkostnaði garðyrkjubænda. Niðurstöður tilraunaræktunar á papriku og rósum undir LED raflýsingu í tilraunagróðurhúsi LBHÍ að Reykjum benda til þess að hægt sé að ná fram verulegum raforkusparnaði í blóma- og matjurta-rækt, án þess að það komi niður á gæðum eða uppskerumagni. Raforkusparnaður reynist vera um og yfir 50% í



paprikurækt og um 50% í rósarækt. Ljósdíóðulamparnir og straumgjafar stóðust einnig allar kröfur um endingu, ljósmagn, áreiðanleika og nýtni.

Þessar fyrstu niðurstöður benda því til að þessi nýja tækni geti mögulega helmingað raforkukostnað garðyrkjubænda. Hugsanlega er því hægt að spara 30 GWH í garðyrkju á Íslandi án þess að draga úr framleiðslunni. Raforkuna sem hægt væri að spara mætti nýta til að knýja um 20 þúsund rafbíla svo dæmi sé tekið.

Að lokum skal þess getið að LED ljósdíóðulampar eru umhverfisvænir og innihalda t.d. ekkert kvikasilfur líkt og HPS gróðurhúsálampar gera.



Matardagar í Smáralind

Nýlega stóð Klúbbur matreiðslumeistara fyrir Matardögum í Vetrargarðinum í Smáralind. Þar var keppt um Íslandsmeistaratitil í matreiðslu og framreiðslu, keppt í eftirréttagerð og fleira og matvælagreinarnar kynntar.

Hótel- og matvælasjólinn kynnti starfsemi sína þar sem einbeittir bakaranemar skreyttu kransakökur og kennt var að flambæra kokteilpýlsur. Kjötmeistarar Kjarnafæðis kynntu vörur fyrirtækisins og gáfu gestum að smakka og Mjólkursamsalan kynnti osta.



Óvissa um fiskveiðistjórnun áfall fyrir málmíðnaðinn

Eftir að kreppan reið yfir og gengi krónunnar féll batnaði samkeppnistaða útflutnings- og samkeppnisgreina mikið. Í málm- og skipasmíðaiðnaði fór að bera á verulegri aukningu í verk-efnum strax á seinni hluta ársins 2008. Einkum bar mikið á margvíslegri endurnýjun og viðhaldi við fiskiskipafлотann sem var mikil búbot fyrir málmíðnaðinn. Fyrri hluti þessa árs var þokkalegur en þegar kom fram á seinni hluta ársins hefur þjónusta við skipafлотann hins vegar dregist mikið saman. Raunar er hægt að tala um áfall fyrir málm- og skipasmíðaiðnað í landinu.

Bjarni Thoroddsen, framkvæmdastjóri Stálsmiðjunnar og stjórnarmaður í Málm, segir ljóst að mikið sú mikla óvissa sem ríkir um framtíð fiskveiðistjórnunnar hafi mjög neikvæð áhrif á málmíðnaðinn.



„Nánast engin skip eru tekinn upp í slipp og útgerðamenn standa algerlega á bremsunni. Í ljósi þeirrar óvissu sem þeir standa frammi fyrir eru ákvarðanir þeirra skiljanlegar. Ábyrgðin liggur algerlega hjá þeim sem setja allt kerfið í uppnám. Menn mega ekki gleyma því að hin hliðin á þessu máli er sá mikli samdráttur og atvinnuskerðing sem við í málmínum stöndum frammi fyrir. Hvaða skoðun menn svo sem hafa á framtíðarskipulagi fiskveiða er ekki rétti tíminn núna að setja allt í uppnám. Við erum að reyna að endurreisa efnahagslífið og þurfum síst á því að halda núna að stjórnvöld setji sjávarútveginn og atvinnulíf í kringum hann í uppnám. Sú óvissa sem nú ríkir í sjávarútvegi og skipulag fiskveiðistjórnunnar er í raun áfall fyrir okkur“, segir Bjarni að lokum.

ICEconsult styrkir stöðu sína

ICEconsult hefur keypt Orkuvaktina ehf. sem hefur sérhæft sig í greiningu og vöktun á raforkukostnaði fyrirtækja. Orkuvaktin nýtir sér sjálfvirkni og rafræn gögn til hins ýtrasta og nær þannig að bjóða mun hagstæðara verð en áður hefur þekkt fyrir sambærilega þjónustu. Með Orkuvaktina innanborðs getur ICEconsult nú boðið enn betri þjónustu á sviði orkueftirlits.

MainManager - Faglegur, hagkvæmur og gagnsær rekstur stoðþjónustu

ICEconsult hefur þróað aðferðafræði til að stýra stoðþjónustu fyrir sveitarfélög og fyrirtæki með markvissum hætti. MainManager er vefkerfi ICEconsult sem byggir á yfirgripsmikilli þekkingu og reynslu á þessu sviði sem og hugmyndafræði sem nefnist aðstöðustjórnun (e. Facility Management). Með notkun MainManager er tryggt að reksturinn verði faglegur, hagkvæmur og gagnsær. Kerfið er nú notað við rekstur þúsunda mannvirkja, hér á landi, í Danmörku þar sem ICEconsult rekur útibú og í Bretlandi þar sem fyrirtækið hefur dreifingaraðila.

Öflugri þjónusta í orkumálum - fleiri hagræðingarmöguleikar

Löng reynsla er hjá ICEconsult á sviði orkuvöktunar og hefur áherslan verið á heitt vatn. Reynslan er sú að verulega má hagræða í þeim efnum, ekki aðeins



hjá fyrirtækjum heldur í stórum hluta fjölbýlishúsa og heimila. Nú hefur ICEconsult keypt öll hlutabréf í Orkuvaktinni ehf. sem hefur sérhæft sig í greiningu og vöktun á raforkukostnaði fyrirtækja. Orkuvaktin nýtir sér sjálfvirkni og rafræn gögn til hins ýtrasta og nær þannig að bjóða mun hagstæðara verð en áður hefur þekkt fyrir sambærilega þjónustu. Með Orkuvaktina innanborðs getur ICEconsult nú boðið enn betri þjónustu á sviði orkueftirlits.

Greining á hagræðingarmöguleikum í raforkukaupum að kostnaðarlausu

Eins og áður sagði er reynslan sú að í meirihluta fasteigna megi hagræða verulega í heitavatskaupum. Það sama er uppi á teningnum hjá þorra fyrirtækja þegar raforka er annarsvegar. Kostnaðurinn við þessa þjónustu er aðeins brot af þeim árlega sparnaði sem næst vegna þjónustunnar og þess vegna mælir ICEconsult með því við alla sína viðskiptavini að orkumál séu skoðuð. Orkuvakt ICEconsult býður nú fyrirtækjum að skoða hagræðingarmöguleika í innkaupum á raforku þeim að kostnaðarlausu.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is.

Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangid@si.is.